

## Stemning, nám og árangur

Stemningu má skilgreina sem það félagslega andrúmsloft sem umlykur okkur, mótar okkur og stýrir – án þess að við veitum því kannski sérstaka eftirtekt. Stemningin sprettur þannig fram úr einhvers konar dýnamík hópsins og þeim aðstæðum sem hópurinn er í hverju sinni, sem gerir einn hóp ólíkan öðrum, stemninguna í dag öðruvísi en í gær, og stemninguna aðra í skólanum en á íþróttaæfingunni.

Stemning er að vissu leyti eins og sálin í mannlíkamanum, við getum ekki endilega fest fingur á henni, en við vitum að hún er til staðar og við finnum hvort hún er uppbyggileg eða ekki. Stemningin virkar þannig eins og ósýnilegt afl sem sendir skilaboð til meðlima hópsins um væntingar, vinnubrögð og venjur hópsins sem einstaklingar mótast svo af – í gegnum félagslegt taumhald og smitun –, og tileinka sér í starfi hópsins. Stemningin getur verið jákvæð og uppbyggileg, og ýtt öllum meðlimum hópsins upp á æðra plan, en hún getur allt eins verið neikvæð og ósækileg, og dregið alla meðlimi hópsins niður að lægsta samnefnara hópsins. Þetta á við um stemningu sem myndast í skólastofunni, á íþróttaæfingunum, nú eða bara heima við. Stemningin hefur þannig bein áhrif á líðan, væntingar og hegðun allra meðlima hópsins, og í framhaldinu á færni þeirra og árangur.



Nýleg rannsókn Yeager o.fl. sem birtist í Nature nú fyrir skömmu sýndi til dæmis hvernig stemningin í skólanum skiptir máli varðandi að nemendur geti tileinkað sér nýja færni í náminu. Rannsóknin sýndi þannig hvernig stutt inngríp, þar sem nemendum voru kennd grundvallaratriði um vaxtarmiðað hugarfar (e. growth mindset), hafði jákvæð áhrif á námsárangur nemenda í fjölbreyttum námsgreinum. Það sem sérstaklega er áhugavert í því samhengi sem hér er rætt, er að í þeim skólum þar sem ríkti meiri jafningjastuðningur við að nemendur tækjust á við áskoranir (e. challenge-seeking), varð meiri bæting í námsárangri nemenda heldur en í skólum þar sem jafningjastuðningur var minni við að takast á við slíkar áskoranir. Með öðrum orðum, í þeim skólum þar sem stemningin í jafningjahópnum var almennt jákvæðari fyrir því að nemendur myndu prófa og tileinka sér nýja hluti, því meiri framfarir sýndu nemendur í náminu eftir kynninguna á vaxtarmiðuðu hugarfari, heldur en í þeim skólum þar sem viðhorfin í kringum þá voru neikvæðari.

En það er hægt að búa til stemningu. Helgi Árnason lagði til að mynda áherslu á að búa til stemningu fyrir skák í Rimaskóla, þegar hann tók við sem skólastjóri skólans. Hugmyndafræði Helga var sú að skák þjálfar bæði rökhugsun og einbeitingu og nýtist nemendum því beint í náminu. Rimaskóli gerði átak í að kynna skák fyrir nemendum, veita leiðsögn í taflmennsku, og að skapa aðstæður fyrir nemendur til að tefla innan veggja skólans (skólinn keypti skákborð og klukkur, stóðu fyrir skákmótum, o.s.frv.). Starfsfólk Rimaskóla bjó þannig til skákhefð sem hefur skilað af

sér fjölda Íslandsmeistara og jafnvel stórmeistara í skák á undanförunum árum, nánast upp úr engu. Lykilatriði hér er að skákstemningin í Rimaskóla ól ekki bara af sér einn sterkan skákmann heldur hóp sterkra skákmanna. Það er í eðli stemningar að ná til margra en ekki einungis fárra.

Leiðtogafræðin gengur út á mikilvægi leiðtoga, eins og Helga, við að skapa stemningu. Fræðin ganga enn fremur út á að það eru ekki einungis leiðtogarnir sem eru mikilvægir heldur eru fylgjendur leiðtoganna það einnig. Með öðrum orðum, það er ekki nóg að einn öflugur einstaklingur gangi fram með góð gildi, hugsjónir, eða tileinki sér góð vinnubrögð, heldur þarf leiðtoginn fleiri einstaklinga með sé í lið til að byggja upp nægilegan skriðþunga til að móta þannig æskilega stemningu hópins. Að skapa jákvæða og uppbyggilega stemningu hvílir því á margra herðum. Í skólasterfi er það sameiginlegt hlutverk starfsfólks og nemenda, alveg eins og það er sameiginlegt hlutverk þjálfara og iðkenda í íþróttum.

Gott og uppbyggilegt félagslegt andrúmsloft er gulls ígildi þegar kemur að námi og frammistöðu einstaklinga og hópa, hvort sem er í skólanum eða í íþróttunum. Í því ljósi er mikilvægt að umræða um skólamál og árangur íslenskra ungmenna í alþjóðlegum samanburðarkönnunum horfi til stemningar í þeirri greiningu sem framundan er, því stemningin gæti reynst mikilvægt þúsl í heildarmyndinni.

Viðar Halldórsson  
Prófessor í félagsfræði  
Háskóli Íslands  
[vidarh@hi.is](mailto:vidarh@hi.is)